



Fundur stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, miðvikudaginn 13. mars 2013, kl 11.00. Fundurinn var haldinn í síma frá Ísafirði, Svarfhóli Reykhólahreppi, Bíldudal og Reykjavík. Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson, Sigurður Pétursson og Sveinn Ragnarsson. Einnig sat Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og kynnti að skammur tími hefði verið boðun hans að þessu sinni vegna aðkallandi mála. Boðað yrði til nýs fundar um málefni sambandsins innan skamms. Gengið til dagskrár.

1. Samningur um framkvæmd sóknaráætlunar Fjórðungssambands Vestfirðinga árið 2013.

Lögð fram drög að samningi FV og Fjármála og efnahagsráðuneytis um sóknaráætlun fyrir árið 2013. Samningsdrögin voru send eftir hádegið í gær og gefin frestur til síðdegis í dag. Stefnt er að undirritun samningsins þann 22. mars n.k. við athöfn í Þjóðmenningarhúsi. Framkvæmdastjóri kynnti efnisatriði samningsins og álit frá Guðjóni Bragasyni, lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn samþykkir eftirfarandi bókun og felur formanni og framkvæmdastjóra að vinna greinargerð í ljósi umræðu á fundinum og í samstarfi við önnur landshlutasamtök.

Stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir alvarlega athugasemd við einhliða breytingu á ákvæðum 5. gr um hlutfallslega greiðslu framlaga. Stjórn FV gerir þá kröfu að hlutfall greiðslna verði færði til samræmis við upphafleg drög sem kynnt voru á fundi þann 14. desember s.l.. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga tekur einnig undir ábendingar lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga á fyrirliggjandi drög að samningi.

2. Drög að samkomulagi Ferðamálasamtaka Vestfjarða og Fjórðungssambands Vestfirðinga um Markaðsstofu Vestfjarða.

Formaður kynnti efni samkomulagsins, sem er að leggja niður starfsemi Markaðsstofu Vestfjarða ses en stofna deild hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga undir nafninu Markaðsstofa Vestfjarða. Ákvörðun þessi er í samræmi við samþykkt 57. Fjórðungspings Vestfirðinga haldið á Bíldudal 5. og 6. október 2012 um framtíðarskipan stoðkerfis atvinnu og byggðaðróunar á Vestfjörðum. Stofnað verði ráðgjafaráð sem skipað þrem fulltrúum úr stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða og tveim sem skipaðir yrðu af stjórn FV.

Samþykkt að leggja til þessi drög að samkomulagi. Formaður mun leita eftir tilnefningum stjórnar að fulltrúum FV í ráðgjafaráð.

3. Samningur Byggðastofnunar og FV um atvinnuþróun.

Lagt fram til kynningar og vísað til næsta fundar.



4. Önnur mál.

1. Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu auglýsingar um starf verkefnisstjóra BsVest en umsóknarfrestur rann út þann 11. mars s.l.. Framkvæmdastjóra falið að vinna úr aðsendum umsóknum.
2. Dagsetning stjórnarfundar.
Samþykkt að boða til fundar stjórnar þann 2. apríl n.k. en kalla megi saman fund í komandi viku ef leysa þarf aðkallandi mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.45